

REYKJADALSA  
FISKIRANNSÖKNIR 1989

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, febrúar 1991 VMST-V/91006



**VEIDIMÁLASTOFNUN**  
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252  
125 Reykjavík.

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Veiðifélags Reykjadalárs, var seiðakönnun gerð á vatnasvæði Reykjadalárs haustið 1989. Markmið með þessari athugun var að athuga seiðaframleiðsluna í ánni og ennfremur að ráðleggja um hugsanlegar fiskræktaraðferðir í framhaldi athugana. Sambærilegar athuganir hafa áður verið gerðar í ánni (Tumi Tómasson 1979, Þórir Dan Jónsson 1983, Sigurður Már Einarsson 1985 og 1987). Hér verður reynt eftir föngum að draga saman niðurstöður athugana 1989 og ráðleggja um fiskræktaraðgerðir.

## 2. UMHVERFI

Reykjadalsá er þverá Hvítár í Borgarfirði og rennur í Hvítá um 26 km frá sjó. Heildarvatnasvið árinna við ármót er 210 km,<sup>2</sup> en heildarlengd Reykjadalárs er 38 km. Helstu þverár Reykjadalárs renna í hana að sunnanverðu og eru það Geirsá sem er um 12 km að lengd (vatnasvið 36 km<sup>2</sup>) og Rauðsgil sem er um 15 km að lengd (vatnasvið 44 km<sup>2</sup>).

Reykjadalsá flokkast sem dragá með lindavatnseinkennum, Geirsá sem hrein dragá og Rauðsgil er dragá, en með lindavatnsáhrifum (Sigurjón Rist 1990).

Reykjadalsá er um margt sérstök miðað við önnur íslensk vatnsföll. Áin rennur um Reykholtisdal, sem er tiltölulega hallalítill dalur og á neðri hluta árinna vindur áin sig í fjölmörgum svigðum, sem eru einkenni Reykjadalárs og sennilega er áin eitt besta dæmið á Islandi varðandi svigðumyndun í íslensku vatnsfalli.

Einnig er áin steinefnarík og út í hana rennur mikið af heitu vatni og þá sérstaklega áður fyrr er Deildartunguhver rann óskiptur út í ána. Áin er því fremur hly, bæði vegna þess að hún fellur að mestu á láglandi og vegna jarðhitaáhrifa.

## 3. ADFERÐIR

I fyrri skýrslu (Sigurður Már Einarsson 1987) er aðferðum við mælingar lýst og er vísað til hennar um aðferðafræði.

#### 4. LAXVEIÐI

Veiðiskýrslur um stangveiði í Reykjadalssá eru til frá 1967 (Mynd 1). Bestu laxveiðiárin eru á áratugnum 1970 - 1980, en eins og í mörgum íslenskum ám hrapaði veiðin mikið á níunda áratugnum og hefur veiðin aldrei farið yfir 100 laxar á því tímabili. Árin 1989 og 1990 hefur nokkur aukning orðið á veiðinni.

Lax gengur seint í Reykjadalssá og er besta veiðin oftast seinnihluta sumars og á haustin.

#### 5. ÞYÐING BOTNGERÐAR.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum, er botngerð Reykjadalssár óhagstæð fyrir framleiðslu laxaseiða og er í raun helsta skýringin á því hversu litill lax gengur að jafnaði í ána. Laxaseiði eru jafnan í mestu magni á grýttum brotum, en þar er mest af felustöðum og fæðuframboð er meira en annars staðar í ánni. Þannig eru uppeldissvæðin mjög takmörkuð í ánni og eru bestu svæðin efst í ánni á um 500 m kafla fyrir neðan Giljarfoss, í Rauðsgili, einnig er nokkuð gott svæði við Klett og hlutar Geirsár eru einnig allgóðir til uppeldis. Hrygningarskilyrði finnast mun víðar, en lax hrygnir á malarbotni, en slík svæði nýtast eingöngu litlum seiðum. Þegar seiðin stækka þurfa þau grýttari botn og ef hann er ekki til staðar, finna seiðin sér ekki stað og svæðið nýtist illa til framleiðslu.

#### 6. SEIÐAMAGN OG VÖXTUR.

Niðurstöður seiðmælinga haustið 1989, endurspegluðu mælingar fyrri ára (Tafla 1). Mesta magnið fannst efst í ánni á svæðinu neðan við foss og í Rauðsgili. Einnig fannst verulegt seiðamagn í Geirsá, en hún hefur ekki áður verið athuguð. Lítið fannst af vorgömlum seiðum (árgangur 1989), en aðrir árgangar voru ágætlega mannaðir, sérstaklega tveggja ára seiði (árgangur 1987). Ef seiðamagn er borið saman við fyrri mælingar, sést að mælingin 1986 reyndist mjög svipuð. Veitt var á tveimur nýjum stöðum, í læk við Reykholt sem er mjög hlýr vegna heits vatns sem rennur ú ána og varð þar vart

við töluvert af seiðum. Einnig fannst töluvert af seiðum í Geirsá, sem bendir til að lax gangi upp í hana til hrygningar.

Vöxtur seiðanna var svipaður og áður hefur sést (Tafla 2). Hann er lakastur efst í vatnakerfinu, en batnar er neðar dregur. Áberandi er hversu vöxturinn er góður í Rauðsgili, sem virðist vera mjög frjósamt fyrir seiði. Einnig var seiðavöxtur mikill í læknum við Reykholt.

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi á 100 m<sup>2</sup>)  
í Reykjadalssá 2. sept. 1989.

<u>Veiðistaður</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>Alls</u>
F.n. foss	1,2		14,1	0,8	16,1
Auðsstaðir	0,3	0,6	4,8		5,7
Rauðsgil		3,7	9,7	0,3	13,7
Reykholtslækur		4,0	8,0		12,0
Klettur		2,5	0,4		2,9
Geirsá		0,8	5,6		6,4

TAFLA 2

Vöxtur laxaseiða í Reykjadalssá.  
(Meðallengd sm, fjöldi í sviga)

<u>Veiðistaður</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>
F. n. foss	3,1 (3)		6,8 (35)	10,9 (2)
Auðsstaðir	2,6 (1)	3,8 (1)	6,8 (15)	
Rauðsgil		7,0 (13)	10,2 (32)	12,8 (1)
Reykholtslækur		7,5 (2)	11,7 (4)	
Klettur		4,6 (5)	8,5 (1)	
Geirsá		4,9 (2)	9,8 (14)	

Vöxtur seiða er enn fremur sýndur á nokkrum veiðistöðum á Mynd 2, en þar kemur lengdardreifing og aldur seiða fram á einstökum veiðistöðum. Ain framleiðir aðallega seiði á þremur árum, en neðar í ánni þar sem vöxtur er betri, fara seiði út að hluta á tveimur árum, sérstaklega þegar umhverf-

isikkilyrði eru hagstæð.

## 7. UMRÆÐUR

Takmörkun Reykjadalársár til seiðaframleiðslu vegna óhagstæðrar botngerðar, er hennar Akkilesarhæll. Til þess að auka laxgengd í ána kemur því aðallega þrennt til greina.

### 1. Nýting á ófiskgengum svæðum:

Hér er mælt með því að árlega sé sleppt sumaröldum laxaseiðum á ófiskgeng ársvæði. Góð svæði eru í ánni, t.d. fyrir ofan Giljarfoss sem skoðuð hafa verið og henta vel í þessu skyni. Einnig þyrfti að athuga Rauðsgilið í þessu skyni, og enn fremur er ljóst að ófiskgeng ársvæði í Geirsá gætu hentað vel til sleppinga. Hins vegar myndi fiskur sem væri upprunnin í Geirsá varla nýtast í stangveiði í Reykjadalársá nema á veiðistöðum neðan við Geirsá. Líklegt er að pláss sé á ófiskgengum hlutum fyrir um 10 - 15.000 sumaralin laxaseiði. Þegar slíkar sleppingar fara að skila sér og árlega er sleppt í ána ættu þær að geta skilað um það bil 100 löxum í veiði, miðað við endurheimtur á slíkum seiðum sem reynsla er fyrir annars staðar frá. Verðlag á sumaröldum seiðum er á bilinu 15 - 18 kr/stk. Fleiri aðferðir koma til greina við nýtingu á ófiskgengum svæðum, t.d. með flutningi hrygningarfisks upp fyrir fossa, en sumaralin seiði eru þó sú aðferð sem auðveldust er í framkvæmd og gefur hvað tryggastan árangur.

### 2. Endurbætur á botngerð:

Til greina kemur að keyra grjóti í ána og útbúa þannig hentug uppeldissvæði. Þessi aðferð hefur lítið verið reynd hérlendis. Hins vegar henta aðeins þau svæði þar sem líkur eru á að áin grafi ekki grjótið og enn fremur er þetta dýrt, nema þar sem stutt er að fara til að ná í grjót.

### 3. Sleppingar á gönguseiðum:

Slíkar sleppingar hafa verið reyndar í Reykjadalársá, en árangur er óljós. Þessi aðferð kemur vel til greina, sérstaklega ef netaupptaka í Hvítá verður til frambúðar.

Gönguseiði eru dýrasta fiskræktaraðferðin og verða því að skila góðum árangri til að kostnaður sé réttlætanlegur. Best er að grafa sleppitjarnir við ána, fódra seiðin og leyfa þeim að ganga til sjávar er þau eru tilbúin.

Hér er einnig bent á að Reykjadalssá er sennilega ein af mengaðri ám landsins. Alls óvist er þó hvort mengunin sem slík kemur niður á laxastofni árinna. Ariðandi er að frágangur á rotþróum frá þéttbýliskjörnum og sveitabæjum sé samkvæmt reglugerðum og einnig er bent á hugsanlega klórmenngun frá sundlauginni við Kleppjárnsreyki. Athuga þyrfti stig mengunar með mælingum.

#### 8. HEIMILDASKRA

Sigurður Már Einarsson 1985. Flutningur á laxi upp fyrir Giljarfoss í Reykjadalssá, Borgarfirði. VMST-V/85023.


Sigurður Már Einarsson 1987. Reykjadalssá Borgarfirði. Seiðathugun haustið 1986. VMST-V/87001. Skýrsla 6 bls.

Tumi Tómasson 1979. Athugun á Reykjadalssá. VMST-V. Borgarnesi 1979.

Þórir Dan Jónsson 1983. Fiskirannsóknir í Reykjadalssá 1982. VMST-V. Borgarnesi 1983.

MYND 1:

Laxveiði í Reykjadalssá 1967-1990.



MYND 2:

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í Reykjadalssá, 2.09.1989.

